



## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

### Leiðbeinandi reglur

Unnið af: HE	<h1>Stigleiðslur</h1>	Númer:	Bls:
Samþykkt af:		Dags: 12.03.10	
		Endurskoðað síðast:	

Stigleiðslur eru til að auðvelda slökkviliði að koma slökkvivatni upp á brunahæð, oftast margar hæðir upp. Að leggja slöngur utan á hús eða upp stigaganga er bæði óhentugt og í mörgum tilfellum ekki hægt.

Byggingarreglugerð tekur á stigleiðslum í 163. gr.

*Stigleiðsla er lóðrétt vatnsleiðsla í stigahúsum sem slökkvilið getur tengt við dælur slökkviliðs og hægt er að tengja við slöngur slökkviliðs á hverri hæð. Stigleiðsla skal vera a.m.k. 76 mm að innanmáli. Á hverri hæð skal vera grein með loka og tengingu fyrir slöngur slökkviliðs. Á jarðhæð skal vera búnaður til að tengja leiðsluna við dælur slökkviliðs. Hann skal greinilega merktur stigleiðsla“. Tæmingarkrani skal vera á neðsta punkti leiðslunnar.*

Eins og segir í reglugerð skulu stigleiðslur vera a.m.k. 76 mm að innanmáli og skulu úttök úr henni vera af sömu stærð. SHS notar tengi af gerðinni Storz og skal vera slíkt 3“ tengi með loka og loki vera á öllum hæðum. Á inntaksstað skal vera tæmiloki.

Merking með orðinu **Stigleiðsla** skal vera sýnileg úr töluverðri fjarlægð.

Leggja skal áherslu á að úttak stigleiðslunnar komi inn í alrýmið á hverri hæð en sé ekki haft í stigahúsi. Brunapétta þarf með lögninni.

Úttakið á stigleiðslunni þarf að vera sem næst hurð að stigahúsi. Með þessu er ekki þörf á að rjúfa einangrun stigahússins nema rétt á meðan slökkviliðsmenn fara inn og út af hinni brennandi hæð. Aðgengi til að tengja slöngur við úttakið og til að skrúfa frá krananum þarf að vera nægilegt til að slökkviliðsmaður geti gert það í þykkum slökkviliðshönskum. Hæð frá gólfi skal vera minnst 500-1000 mm ofan við gólfflötinn. Minnst 200 mm frítt rými skal vera umhverfis úttakið.

Þrýstiprófa skal lögnina með 10 bara þrýstingi eftir uppsetningu.

Hæð frá jörðu í inntak skal vera á bilinu 500-1000 mm og 400 mm frítt svæði í kring til að koma slöngum slökkviliðsins að.



SHS notar Storz tengi á allar sínar slöngur og barka.

Slík 3“ tengi þurfa að vera á inntökum og úttökum á stigleiðslum sem og inntökum vatnsúðakerfa.


## Eldri hús án sticleiðslu

Eigendur eldri húsa eru hvattir til að skoða þann möguleika að setja sticleiðslu í hús sín. Sticleiðsla stýttir tímann sem slökkviliðið þarf til að koma brunaslöngum á eldhæðina og eykur því öryggi hússins til muna.

- Sticleiðsla getur verið algerlega utandyra með tengingu inn, vatn fer þá eingöngu um hana við notkun slökkviliðsins.
- Sticleiðsla getur verið sett í eða við lyftustokk með tengingu inn á hæðir.
- Sticleiðsla getur verið í opi stigagang með tengi inn á hæðir.

### Athugið:

- Við hærri byggingar en nú eru til hér á landi (20 h.) þarf að bæta við útreikningum varðandi aukna breidd sticleiðslunnar og þörf á viðbótardælugetu vegnar hæðarinnar.



Nánari upplýsingar á heimasíðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

[http://www.shs.is/shs/is/forvarnir/upplýsingar\\_fyrir\\_honnudi/merkingar/Brunamálastofnun\\_ríkisins-leiðbeiningarblöð](http://www.shs.is/shs/is/forvarnir/upplýsingar_fyrir_honnudi/merkingar/Brunamálastofnun_ríkisins-leiðbeiningarblöð).